

## Handrit handa konum

### *Töframáttur bókar*

Í ritum miðalda kemur víða fram hvernig vald kirkjunnar og veraldlegt vald birtast í mynd hins ritaða orðs. Í boðun kristinnar trúar á miðöldum var lögð áhersla á það að hinn guðdómlega sannleika væri að finna í hinu ritaða orði, ritningunni. Þeir sem bjuggu yfir kunnáttu í lestri og skrift nutu því forréttinda og valds og bókin var ígildi þess og táknumynd. Máttur orðsins færðist yfir á bókina sem hafði það að geyma.<sup>1</sup> Það var ábyrgðarhluti að meðhöndla bók. Í þætti af Jóni Halldórssyni (biskupi í Skálholti 1322–1339) segir frá því þegar hann var ungar námsmaður í París og „litt skiljandi hjá því sem síðar.“ Í fjarvist meistara síns stelst hann í bók hans og um leið skellur á stormur. Þegar upp kemst um Jón segir meistarinn: „Líkna man ek þér, Jón, en þó skaltu hafa augu fyrir hvat þú kannt lesa meðan þú skilr eigi betr.“ Þegar Jón er orðinn biskup segir hann frá þessu atviki: „Má af slíku marka,“ sagði biskupinn, „hve listin lifir í bókunum þótt heimrinn gjöriz mjök gamall.“<sup>2</sup>

### *Handritið AM 431 12mo*

Handritið AM 431 12mo er skinnhandrit, aðeins  $119 \times 90$  mm að stærð, 25 blöð skrifuð og tvö auð. Það er eindálka, enda leturflöturinn lítill, ca  $80 \times 60$  mm og línufjöldi er 16–19 línur. En smæðin kemur ekki í veg fyrir að handritið er fagurlega skreytt. Aðalefní ðess er *Margrétar saga* sem er þýdd saga um píslarvottinn heilaga Margréti frá Antíokkíu.<sup>3</sup> Hún var ástsæll dýrlingur á miðöldum, ekki síst vegna

<sup>1</sup> Claessen 1998, ix–xlvi.

<sup>2</sup> *Biskupa sögur* III 1998, 445–447.

<sup>3</sup> *Heilagra meyja sögur* 2003, 42–49.

## HELGISÖGUR

þess að hún var verndardýrlingur kvenna í barnsnauð.<sup>4</sup> Handritið var skrifað á Íslandi, 1500–1550. Árni Magnússon fékk það frá Gísla Jónssyni á Völlum og Stofnun Árna Magnússonar tók við því 24. apríl 1992. Á öftustu blaðsíðu handritsins stendur:

Lengi hefur þú skrifað þessa sögu, Jón strákur Arason. Ekki má þetta skrif heita, það er mismæli fyrir mig, heldur er þetta krabb og illa krabbað. Biðjið sem áður fyrir Jóni Arasyni, þeir sem söguna lesa. Geymi oss guð öll saman og jungfrú sancta María mína að ílifu [eilífu]. Amen.<sup>5</sup>

Strákurinn Jón Arason mun ekki vera biskupinn heldur vestfirskur samtíðarmaður hans og nafni.<sup>6</sup> Þeir braður Jón og Tómas Arasynir ásamt Ara Jónssyni föður þeirra voru afkastamiklir skrifarar. Ari lögmaður Jónsson, sonur biskups, er þó talinn hafa skrifað eitt handrit *Margrétar sögu*, AM 433c 12mo.<sup>7</sup>

### *Heilög Margrét og Margrétar saga*

*Margrétar saga* segir frá því að hin unga og fagra Margrét hafi misst móður sína í æsku en faðir hennar hafi unnað henni lítið. Hún tólk kristna trú á barnsaldri en faðir hennar var heiðinn. Þegar hún er orðin gjafvaxta kemur heiðinn greifi auga á hana og vill eignast hana fyrir konu eða frillu. Margrét hafnar honum og greifinn lætur handtaka hana í reiði sinni. Þrátt fyrir fortölur og píslir vill hún hvorki þýðast greifann né blóta heiðin goð. Þegar Margrét er fangi í myrkavastofu storkar hún örlögunum með því að óska eftir því að fá að sjá óvininn og eiga orustu við hann. Þá birtist ógnvekjandi dreki sem gleypir hana en vegna heilagleika hennar sleppur hún lifandi og óskölluð úr kviði hans.

<sup>4</sup> Ásdís Egilsdóttir 2012, 20–21. Ásdís Egilsdóttir 1999, 241–256. Jón Steffensen 1975, 208–215.

<sup>5</sup> Stefán Karlsson 2000, 379.

<sup>6</sup> Stefán Karlsson 2000, 379–380.

<sup>7</sup> Viðamesta rannsóknin til þessa á handritum Margrétar sögu er meistaraprófsritgerð Peters Rasmussen frá Háskólanum í Kaupmannahöfn, 1977. Um vinnubrögð þýðandans og samanburð við latneskan frumtexta er fjallað í meistaraprófsritgerð Kersti Bruvoll, Háskólanum í Ósló, 2000.

## HANDRIT HANDA KONUM

Heilög Margrét var verndardýrlingur kvenna í barnsnað og hefur drekasögnin líklega verið kveikjan að því hlutverki. Þannig áttu börn að komast heilbrigð og lifandi úr móðurkviði eins og Margrét úr kviði drekans. Í sögulok er Margrét líflátin. Skömmu áður fer hún með bæn þar sem meðal annars segir: „Enn bið eg, drottinn, sá er ritar píslarsögu mína eða kaupir þá bók, fylltu þá af helgum anda. Og í því hýsi er bók sú er inni, verði þar eigi fætt dautt barn né lama.“<sup>8</sup>

### Töfrar og fæðingarhjálþ

Í handritum *Margrétar sögu* er oft ýmislegt annað efni sem í fljótu bragði virðist úr ýmsum áttum og lítið eiga skyld við söguna. Brautryðjandi í rannsóknum á þessu efni var Jón Steffensen (1905–1991), prófessor í læknisfræði og áhugamaður um sögu lækninga.<sup>9</sup> Hér verður gerð nánari grein fyrir þessu viðbótarefni. Fyrst verður fyrir lesandanum fyrirsögnin „Lausn yfir jóðsjúkri konu“. Þar fylgir á eftir alkunn töfraformúla: SATOR AREPO TENET OPERA ROTAS. Sagt er að þessi orð skuli lesa þrisvar yfir lendum konunnar og gera þrjú krossmörk í hvert sinn. Máttur formúlunnar felst í því að sé orðunum raðað upp í ferning má lesa hann í fjórar áttir. Þá er hægt að raða honum upp í kross, víxla stöfunum þannig að þeir mynda „pater noster“ (faðir vor) og A(lfa) og O(mega). Uppruni ferningsins er annars óviss.<sup>10</sup> Þar næst er bæn sem kölluð hefur verið „góða bænin“ eða bæn heilags Leonardus en algengt var víða að heita á hann við barnsburð. Leonardus var einsetumaður sem ekki er vitað mikið um, en ein jarteinasagan um hann segir frá því hvernig hann hjálpaði franskri drottningu í barnsnað með því að lesa bænina góðu yfir henni.<sup>11</sup> Í handritinu endar bænin á þessa leið:

Nú bið eg þig almáttigur guð faðir fyrir son þinn eingetinn að náveranda helgum anda að háleit hjálþ þinnar óþrotndlendi mildi virðist yfir að koma

<sup>8</sup> *Heilagra meyja sögur* 2003, 47–48.

<sup>9</sup> Jón Steffensen 1975, 208–215.

<sup>10</sup> Guðrún Ingólfssdóttir 2011, 246–248.

<sup>11</sup> Bekker-Nielsen 1961, 54.

## HELGISÖGUR

þessa sýtandi jóðsjúka konu, svo að hún sé leyst og frelsuð af nálægum háska. Megi með öllum oss samt lofa og dýrka þitt hið dýra nafn það er blesað er um allar aldir veralda. Amen.

Á eftir bæninni kemur ný fyrirsögn „Kvenna lausn“ en þar eru eftirfarandi leiðbeiningar: „Ef kona skal léttari verða og má eigi við skiljast, þá skaltu taka þetta helga drottins rit og binda við hægra lær henni fyrir ofan kné og skrifa á blað eður rista á kefli.“ Á eftir fylgir ruglingsleg romsa: „Pantitur in terra dominus omnipotens olimpi exii in te prospера Christus rex regat ut videatur seculi lumen sator arepo tenet opera rotas.“ Þetta er ekki annað en romsa án samhengis eins og orðunum er raðað saman, en er blanda af þekktum lausnarbænum. Í lokin er *sator arepo* formúlan sem áður hefur verið minnst á. Upphafssorðin eru afbökun úr upphafsljóðlinu 10. bókar Eneasarkviðu Virgils: „Panditur interea domus omnipotentis Olympi“ — á meðan opnaðist hliðið að Olympus, almættisvaldi, upp á gátt. Pessi orð eru viða varðveitt sem lausnarbæn og ástæðan hlýtur að vera hliðið sem opnast, þar er skiljanleg samlíking við barnsfæðingu.

Næst segir: „En þegar að barnið er fætt af hennar holdlegu myrkri, þá skal burt taka og vefja í hreinu klæði ef hvorki hefur á komið blóð né vatn. En ef á hefur komið, þá skal brenna í loganda eldi.“ Handritinu lýkur með bænum sem lesa á þegar blaðið hefur verið bundið við. Þar á meðal er kunn lausnarbæn: „Anna peperit (fæddi) Mariam, Maria peperit Iesum Christum, Elisabet peperit Iohannem Baptis-tam.“ Pessi lausnarbæn er til í ýmsum tilbrigðum og var kunn víða um heim.<sup>12</sup>

### *Notkun bókarinnar*

Innihald bókarinnar bendir til þess að hún hafi verið talin gædd töframætti. Bæn Margrétar í sögunni bendir til þess að nóg hafi verið að hafa bók með sögu hennar innan veggja til þess að börn fæddust heilbrigð. Fyrir utan handritin sjálf og þær upplýsingar sem þau gefa má leita svara í helgikvæðinu *Heilagra meyja drápu*. Þar segir:

---

<sup>12</sup> Elsakkars 2001, 19.

## HANDRIT HANDA KONUM

Lesandi oft með fagnað fúsan  
fúsir menn er treysta henni  
hennar sögu þá er krankar kvinnur  
kvenligt stríð í sóttum bíða.  
Margareta brúðum bætir  
bætta hjálp með sínum mætti  
vaktar þessi meyjan mektug  
mektar gjörð á himni og jörðu.<sup>13</sup>

Heimildir úr öðrum löndum segja frá lestri úr *Margrétar sögu* við barnsburð, einnig tíðkaðist að lesa upphaf Jóhannesarguðspjalls og *Katrínar sögu*. Í ritinu *Hugrás*, sem Guðmundur Einarsson prestur skrifði 1627, segir einnig frá upplestri úr *Margrétar sögu*. Hann skrifar: „og alla lausnarbókina [...] einkum að binda þetta við lærið á jóðsjúkri kvinnu: Anna peperit Mariam, Elisabeth Johannem [...] og lesa þar á eptir *Margrétar sögu* in nomine Patris, filii et spiritus sancti.“<sup>14</sup> Í bænunum eru Anna, María og Elísabet alltaf nefndar og stundum Hanna móðir Samúels. Með því að þylja bænirnar áttu konurnar að samsama sig með þessum konum Bibliunnar. Í tilvikum þeirra er um kraftaverk af einhverju tagi að ræða, þungunin óvænt eða guðdómleg, og því eiga bænirnar að minna á að sérhver fæðing sé ævinlega kraftaverk.

Athyglisvert er að efnið sem tengist barnsfæðingum, er bæði á móðurmálinu og á latínu. Oft er um að ræða kunnuglega texta, sem þeir sem ekki kunnu latínu hafa samt sem áður kannast við. En sjálf sagt vegur þyngst að latína hafi verið talin búa yfir töframætti þar sem hún var málið sem notað var í helgihaldi kirkjunnar.

Það hefur þótt gott að eiga bók með *Margrétar sögu* heima á bænum, upplestur úr henni gat komið að gagni, en næst þarf að víkja að því hvað bundið var við líkama kvennanna. Leiðbeiningar eru í handritinu, sem ef til vill mætti kalla handbók yfirsetukvenna, en skýrar eru þær ekki. Greinilegt er þó að það sem bundið er við hana á að brenna ef það spillist af blóði eða vatni. Eins og við höfum þegar

<sup>13</sup> *Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII. Poetry on Christian Subjects* 2007, 891–930.

<sup>14</sup> Einar Gunnar Pétursson 1998, 73–77, 111–115.

## HELGISÖGUR

kynnst, þá hafa þessi litlu handrit með Margrétar sögu verið kjör-gripir sem eigendunum hefur verið annt um. Líklegra má telja að bænir og töfraförmúlur hafi verið skrifaðar á snepla til að nota í læknингaskyni. Ýmiskonar sneplar og strimlar voru algeng lækningatæki á miðöldum.

Eitt slíkt blað er íslenska kveisublaðið sem varðveitt er í Þjóðminjasafni Íslands. Blaðið er 11 × 60 cm og mun hafa verið lagt eins og beltí um sjúklinginn. Á blaðinu eru bænir og galdraformúlur, en einnig kaflar úr heilagri ritningu, frásagnir Mattheusarguðspjalls af lækningum Krists og upphaf Jóhannesarguðspjalls. Í öðru handriti *Margrétar sögu* eru vers úr Lúkasarguðspjalli þar sem sagt er frá þungun Elísabetar og Maríu og frá fæðingu Jóhannesar og Jesú. Í upphafi Jóhannesarguðspjalls segir frá upphafi heimsins og sköpunarsagan var talin hafa lækningamátt. Fyrnefnd bæn heilags Leonardus hefst á útdrátti úr sköpunarsögunni í 1. Mósebók.<sup>15</sup> Kveisublaðið er því náskylt handritum *Margrétar sögu*.

Sagt er í handritinu AM 431 12mo að skrifa skuli nýtt blað í stað þess sem spilltist af blóði eða vatni. Ekki er víst að alltaf hafi verið hægt að koma því við og það er umhugsunarvert að af níu handritum með *Margrétar sögu* vantar viðbótarefnið í fjögur og þrjú af hinum fimm eru meira eða minna skert.

### *Handrit handa konum?*

Það er ábyrgðarhluti að meðhöndla bækur. Það þarf að kunna á þeim skil, ekki hvað síst ef notkun þeirra varðar líf og heilsu móður og kornabarns. Það er forvitnilegt að velta því fyrir sér hverjir hafi átt bækur með *Margrétar sögu*. Voru það konur, og er hlutverk þeirra einhver vísbending um læsi kvenna? Gengu bækurnar í arf, frá móður til dóttur? Áttu yfirsetukonur svona bækur? Það hefur að minnsta kosti verið auðvelt að ferðast með þessi litlu kver milli bæja. Fleiri handrit í lithu broti með Margrétar sögu og skyldu efni hafa varðveist og væntanlega verið notuð á sama hátt og AM 431 12mo. Stefán Karlsson velti þessari spurningu fyrir sér í grein sinni „Kvennahandrit

<sup>15</sup> Magnús Már Lárusson 1952, 81–90.

## HANDRIT HANDA KONUM

í karla höndum“. Viðfangsefni hans í greininni er þó einkum annað handrit, AM 433a 12mo. Á spássíu á blöðum 26v–27r hefur skrifarinna párað: „Nú er eg hræddur við dóttur mína, svo eg þori ekki annað en að skrifa bókina hennar.“ Aftan á síðasta blaði þessa handrits er ritað nafnið Margrét Bjarnadóttir með 17. aldar hendi, bendir Stefán á. Pessi kona gæti verið Margrét Bjarnadóttir móðir séra Bjarna Þorsteinssonar í Vesturhópshólum sem átti bókina á síðari hluta 17. aldar. Hann bendir enn fremur á að móðir Margrétar hafi verið Halldóra Björnsdóttir, sem var dóttir Steinunnar Jónsdóttur og séra Björns Jónssonar, sem höggvinn var ásamt Jóni biskupi föður sínum og Ara bróður sínum 1550. Þannig gæti bókin hafa gengið í arf milli kvenna. Varðveisit hefur sendibréf frá Steinunni og hafi hún skrifað það sjálf hefur hún kunnað að lesa. Það er því hugsanlegt að handritið AM 431 12mo hafi verið í höndum konu sem hafi verið stautfær og kunnað með efni þess að fara.<sup>16</sup>

Kvennasögufræðingurinn Marianne Elsakkars hefur borið lausnarbænir saman við vinnusöngva og vinnubænir og telur að konur sem viðstaddir voru fæðingar hafi sönglað lausnarbænirnar og notað mismunandi hraða eftir því hvar konan var stödd í fæðingarferlinu. Þannig hafi bænirnar verið til hjálpar líkt og öndunaræfingar sem kenndar eru nú á dögum. Þar á meðal eru svokallaðar „peperit“ bænir, „Anna peperit Mariam“, eins og varðveittar eru í AM 431 12mo. Kunnátta í að fara með lausnarbænir þurfti ekki að vera í því fólgin að vita upp á hár hvað hún merkti, það þurfti líka að kunna að syngja hana með réttu lagi og hrynjandi.<sup>17</sup>

Ekki skal gert lítið úr lestrarkunnáttu kvenna, að minnsta kosti hinna efnameiri, en efnið sem fylgir Margrétar sögu í handritunum er þess eðlis að auðvelt hefur verið að læra það utanað og miðla munnelega milli kynslóða. Allir þekkja hvernig hálfþær eða jafnvel ólæs börn geta flett bókum og farið með efni þeirra orðrétt, blaðsiðu eftir blaðsiðu, ef bókin hefur verið oft lesin fyrir þau og þau lært hana utanað. Upphafsstafirnir voru vísbending um hvar efnið var að finna. Á bækurnar var fest það sem kunna átti og þær hafa hjálpað við að

<sup>16</sup> Stefán Karlsson 2000.

<sup>17</sup> Elsakkars 2001, 203–204.

## HELGISÖGUR

minna á lausnarbænirnar og halda þeim við. Handritið AM 431 12mo hefur margvíslegt menningarsögulegt gildi. Það geymir eina þeirra fjölmörgu helgisagna sem þýddar voru á íslensku í kaþólskri tíð og er því vitnisburður um þýðingarstarf á Íslandi á miðöldum. Lýsingar, eða myndskreytingar, þess eru þáttur í myndlistarsögu þjóðarinnar. Síðast en ekki síst hefur handritið ómetanlegt gildi fyrir íslenska kvennasögu. Það er eitt fárra handrita sem má beinlínis tengja menningu kvenna.

### *Heimildir*

- Ásdís Egilsdóttir. 1999. „Drekar, slöngur og heilög Margrét.“ Í *Heiðin minni: Greinar um fornar bókmennir*, ritstj. Haraldur Bessason og Baldur Hafstað, 241–256. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Ásdís Egilsdóttir. 2012. „Bækur og barnsfæðingar. Handrit Margrétar sögu og notkun þeirra við fæðingarhjálp.“ *Ljósmaðrablaðið* 90(1): 20–21.
- Bekker-Nielsen, Hans. 1961. „En god bœn.“ *Bibliotheca Arnamagnæana* 25(1): 52–54.
- Biskupa sögur III.* 1998. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir. Íslenzk fornrit 17. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Bruvoll, Kjersti. 2000. *Sagaen om Margareta fra latin til norrønt. Oversettelsesstrategier satt under luppen*. Hovedfagsoppgave i nordisk språk. Trondheim: Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet.
- Claessen, Albrecht. 1998. Inngangur að *The Book and the Magic of Reading in the Middle Ages*, ritstj. Albrecht Claessen, ix–xlii. New York og London: Garland Publishing.
- Einar Gunnar Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða: Samantektir um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristningar og skrifelsi. Þaðan fræðasögu 17. aldar*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Elsakkars, Marianne. 2001. „In pain you shall bear children. Medieval prayers for a safe delivery.“ *Women and Miracle Stories: A multidisciplinary exploration*, ritstj. Anne Marie Korte, 179–210. Leiden and Boston: Brill.
- Guðrún Ingólfssdóttir. 2011. Í *hverri bók er mannsandi. Handritasyrpur — bókmenningu, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld*. Studia Islandica 62. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Heilagra meyja sögur.* 2003. Útg. Kirsten Wolf. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Jón Steffensen. 1975. *Menning og meinsemdir*. Reykjavík: Sögufélag.
- Magnús Már Lárusson. 1952. „Eitt gamalt kveisublað.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*: 81–90.

#### HANDRIT HANDA KONUM

- Rasmussen, Peter. 1977. *Tekstforholdene i Margrétar saga* (3 vols). Specialefhandling til magisterkonferens i nordisk filologi. University of Copenhagen.
- Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII. Poetry on Christian Subjects.* 2007. Útg. Margaret Clunies Ross. Turnhout: Brepols.
- Stefán Karlsson. 2000. „Kvennahandrit í karlahöndum.“ Í *Stafkrókar: Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998*, ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, 378–382. Reykjavík: Stofnum Árna Magnússonar á Íslandi. Birtist fyrst í Ástráður Eysteinsson *et al.*, ritstj., *Sögur af háloftimur sagðar Helgu Kress 21. september 1989* (Reykjavík, 1990).